

Nd.

726. Breytingartillögur

[208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. des. 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 2. gr. 1. mgr. greinarinnar orðist svo:

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpfóreltra, kjörforeldra, fósturforeldra), eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra, að undanskildum skattfrjálsum vöxtum samkvæmt 2. mgr. 21. gr. Ef hreinar tekjur barns nema hálfum persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53 gr., eða lægri fjárhæð, skal telja helming slíkra hreinna tekna til frádráttar hreinum tekjum barnsins. Nemi hreinar tekjur barns meira en hálfum persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., er skattstjóra heimilt að ákveða barninu skatt sem sjálfstæðum skattþegni, enda komi fram tilmæli um það frá foreldrum. Fallist skattstjóri á tilmæli foreldra um sérsköttun barns, skal ávallt telja foreldrum til tekna af tekjum barnsins fjárhæð jafna hálfum persónufrádrætti barns samkvæmt C-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr., en hjá barninu það, sem umfram er.

2. Við 12. gr.

a. Í C-lið komi ný mgr. á eftir 2. mgr., er verði 3. mgr., svo hljóðandi:

Eignir þær, sem um ræðir í 1. mgr., má aldrei fyrna í heild meira en svo, að ávallt standi eftir sem niðurlagsverð eignanna 10% af heildarfyrningarverði þeirra, sbr. þó 4. og 5. mgr. þessa stafliðs.

b. 1. og 2. másl. 5. mgr. (verður 6. mgr.) orðist svo:

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má víkja frá reglum þessa stafliðs um hámarksfyrningu og niðurlagsverð. Ríkisskattstjóri veitir heimild til þessa fráviks.

3. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist nýr tl., er verði 5. tl. og orðist svo:

Á eftir 4. mgr. 16. gr. laganna komi ný mgr., er orðist svo:

Frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, skal draga fjárhæð, er nemi  $\frac{2}{3}$  hlutum af fjárhæð frádráttar skv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig.

4. Við 14. gr. 2. mgr. B-liðs orðist svo:

Ef nokkuð af hreinum tekjum félaga samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðs, svo og félaga samkvæmt B-lið, 1. gr. C-liðs og D- og E-liðum 1. mgr. 5. gr., er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur  $\frac{1}{4}$  hluta af hreinum tekjum félags, eftir að frá hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1., 3. og 4. mgr. þessa stafliðs, en áður en tekjuskattur og tekjuútsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjum.

5. Við 25. gr. Greinin orðist svo:

3. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

6. Á eftir 30. gr. komi ný grein, er verður 31. gr., svo hljóðandi:

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella ákvæði þeirra svo og þau ákvæði laga nr. 78 29. desember 1967, sem halda gildi sínu, inn í meginmál laga nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, og gefa lögin út svo breytt.